

## Eldhugi Kópavogs 2013

Rótarýklúbbur Kópavogs, 5. mars 2013

Þórir Ólafsson, formaður viðurkenningarnefndar

Síðustu ár hafa fjölmiðlar hér á landi oft fjallað um „strákana okkar“ og „stelpurnar okkar“. Flestum er kunnugt hvað átt er við.

Landslið okkar í handknattleik karla fékk silfur á Ólympíuleikunum í Peking og hefur síðan leikið í úrslitakeppni á fjölmörgum heimsleikjum.

Og Gerplurnar í Kópavogi sigruðu í hóp fimleikum kvenna á tveimur síðustu Evrópumótum. Hvað þarf til að flokkur stúlkna úr litlu bæjarfélagi á Evrópumælikvarða nái slíkum árangri? Trausta forystu, markvissa uppbyggingu og þjálfun.

Viðurkenningarnefnd klúbbsins okkar ákvað að kanna hvernig Gerpla, þetta öflugna fimleikafélag, hefði byggst upp og náð svo frábærum árangri.

Við leituðum til forystumanna íþróttamála í Kópavogi og fyrri stjórnarmanna í Fimleikasambandi Íslands. Þessi athugun bar öll að sama brunni. Helsti brautryðjandinn var Margrét Bjarnadóttir.

Svo vel vill til að ein af „eldri Gerplum“ Hlíf Þorgeirsdóttir, hefur nýlega skilað af sér handriti af sögu Gerplu og fékk ég heimild til að lesa hér stutta kafla og nota upplýsingar úr því.

- Uppruna Íþróttafélagsins Gerplu má rekja til hóps kvenna úr Kópavogi sem stundaði leikfimi sér til heilsubótar í Miðbæjarskólanum í Reykjavík. Margrét Bjarnadóttir kenndi leikfimina þar á árunum 1963-1970, og komu konurnar víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu en stór hluti þeirra kom úr Kópavogi. Kópavogskonurnar mættu galvaskar á æfingar og höfðu margar hverjar mikið fyrir því að koma sér niður í miðbæ.

- Kópavogskonurnar gerðu því allt sem þær gátu til þess að fá leikfimikennslu í Kópavoginn og fengu fyrst tíma í Kópavogsskóla í nafni Kvenfélags Kópavogs árið 1969. Mikil aðsókn var í kvennaleikfimina í Kópavogsskóla sem Margrét Bjarnadóttir stjórnaði. Á þessum tíma var erfitt að fá inni í þeim tveimur íþróttahúsum sem voru í Kópavogi þ.e. íþróttahúsinu við Kársnesskóla og Kópavogsskóla. Árið 1970 var HK stofnað og varð þá mikil samkeppni um pláss í húsunum en í Kópavogi var fyrir Ungmennafélagið Breiðablik.

- Leikfimi hópurinn var um vorið 1971 við það að missa aðstöðuna í Kópavogsskóla þar sem reglur sögðu að íþróttafélög skyldu hafa forgang að íþróttahúsum eftir að skóla lyki á daginn. Leitað var til Breiðabliks um að konurnar stofnuðu deild innan félagsins en það fékk engan hljómgrunn. Úrræði þeirra var því að stofna sitt eigið íþróttafélag.

- Konurnar hófust strax handa við að semja lög og reglur og að finna nafn á félagið. Þær höfðu það markmið að stofna og starfrækja félag til að sinna þeim hópum sem lítið áttu uppi á pallborðið hjá íþróttahreyfingunni. Þær ætluðu sér að vera fyrirmynd annarra og taka undir sinn verndarvæng konur og börn og þær íþróttagreinar sem ekki fengu inni í hinum hefðbundnu íþróttafélögum.

- Íþróttafélagið Gerpla var stofnað fyrsta sunnudag í sumri, þann 25. apríl 1971. Á stofnfundinn voru mættir um 20 manns en nokkrir aðrir höfðu skráð sig sem stofnfélaga. Lögð voru fram drög að lögum félagsins og þau samþykkt. Margrét Bjarnadóttir var kosinn fyrsti formaður félagsins.

- Á stofnfundinum var ákveðið að hefja starfsemina með stuttum vornámskeiðum í leikfimi, badminton og skokki. Haustið eftir var síðan farið af stað með krakkahóp sem voru fyrstu iðkendurnir í fimleikum auk þess sem stofnuð var borðtennisdeild.

Þegar búið var að stofna löglegt íþróttafélag átti Gerpla jafnan rétt á tíma í íþróttahúsunum á við hin íþróttafélögin í Kópavogi. Mjög harður slagur var þó um tíma í húsunum.

Iðkendur Gerplu æfðu á tímabili á sjö mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu og brýnt þótti að félagið fengi sitt eigið húsnæði til afnota.

Árið 1977 auglýsti Gerpla eftir iðnaðarhúsnæði sem átti að gera upp og breyta í íþróttahús. Margrét Bjarnadóttir hafði

heyrt af fimleikafélagi í Osló sem hafði ráðist í svona verkefni og gengið vel.

Haustið 1978 var Gerpluhúsið við Skemmuveg svo tekið í notkun og voru það mikil tímamót hjá félaginu. Margrét tjáði mér að einn þeirra sem studdi vel við þessa framkvæmd var félagi okkar Helgi Laxdal, sem þá var í stjórn Gerplu.

Stór tímamót voru svo aftur haustið 2005 þegar Gerpla fékk inni í íþróttahúsinu við Salalaug. Margrét var heiðursgestur við þá athöfn. Þau glæslilegu mannvikri voru hönnuð af félagi okkar Benjamín Magnússyni

Auk þátta úr sögu Gerplu sendi Hlíf Þorgeirsdóttir mér þessa umsögn:

„Ég byrjað sjálf í fimleikum í Gerplu hjá Margréti þegar ég var 5 ára og hef verið viðloðin fimleikahreyfinguna í 40 ár og á Margréti Bjarnadóttur margt að þakka. Hún er þvítík kjarnakona, mikil hugsjónakona með drifkraftinn í lagi og án hennar hefði Gerpla sjálfsagt ekki orðið að veruleika. Hún hefur endalaus orku til að miðla visku sinni til iðkenda á öllum aldri í gegnum tíðina og er ennþá að“.

Margrét hefur starfað náið með fleiri félögum og hópum en Gerplu. Íþróttafélagið Glóð í Kópavogi var stofnuð 2004 af hópi áhugafólks um heilbrigða lífshætti. Kjörorð félagsins eru:

Hreyfing, fæðuval, heilsa. Glóðarfélagar hafa stundað leikfimi, hring- og línudansa, ringó, gönguferðir ofl.

Margrét hefur þjálfað og stjórnað fjölmörgum hópum Glóðarfélaga, sem hafa m.a. tekið þátt í mótum hér heima og erlendis, svo sem Landsmótum UMFÍ og þrem mótum á vegum Fimleikasambands Evrópu, Gullnu árin, ætluð 50 ára og eldri.

Margrét starfar enn af fullum krafti við þjálfun, einkum eldri borgara. Nú á vormisseri er hún með 8 hópa í þrem bæjarfélögum: Kópavogi, Garðabæ og Reykjavík.

Og auk langrar stjórnarsetu í Gerplu hefur Margrét setið í stjórn og/eða nefndum margra annarra samtaka, svo sem Fimleikasambandi Íslands, Ólympíunefnd Íslands, UMSK, Glóð ofl.

Viðurkenninganefnd Rótarýklubbs Kópavogs telur Margréti Bjarnadóttur sannarlega verðskulda sæmdarheitið „Eldhugi Kópavogs“ fyrir um hálftrar aldar forystu og störf að íþrótt- og heilsuræktarmálum í Kópavogi.